



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Eignaréttur á Vatnsréttindum

- Breytingar við gildistöku laga nr. 20/2006

Sigurgeir Viktorsson

Leiðbeinandi: Þorbjörg I. Jónsdóttir

12/14/2010

*Staðfesting lokaverkefnis til BS gráðu í viðskiptalögfræði við
Háskólann á Bifröst*

Lokaverkefnið:

Eignarréttur á vatnsréttindum

-breytingar við gildistöku laga nr. 20/2006

Eftir:

Sigurgeir Viktorsson kt. 011274-3909

*Verkefnið hefur verið metið samkvæmt kröfum Háskólans á
Bifröst og hlotið lokaeinkunnina:*

Bifröst, _____

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Eignarréttur á vatnsréttindum

-breytingar við gildistöku laga nr. 20/2006

Eignarréttur

Höfundur: Sigurgeir Viktorsson

Leiðbeinandi: Þorbjörg Inga Jónsdóttir

Ágrip

Með vatnalögum nr. 20/2006, var breytt skilgreiningu á eignarréttarákvæði eldri vatnalaga nr. 15/1923. Var talið að ekki þætti æskilegt lengur að túlka ákvæðið á jákvæðan hátt, en með því er átt við að ráðstöfunarheimildir yfir vatni sem á landareign manns er eru tæmandi taldar í lögunum. Neikvæð skilgreining er hins vegar þegar landeigandi hefur allar þær ráðstöfunarheimildir nema þær sem sérstaklega er kveðið á um í lögum. Ritgerð þessi fjallar um eignarrétt á vatnsréttindum, og hvernig hann breytist við gildistöku vatnalaga nr. 20/2006.

Formáli

Ritgerð þessi er 8 ECTS eininga lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Ritgerðin var unnin á Bifröst á haustönn 2010. Viðfangsefni ritgerðarinnar er eignarréttur á vatnsréttindum með gildistöku vatnalaga nr. 20/2006. Ritgerðin er á sviði eignarréttar.

Leiðbeinandi ritgerðarinnar var Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl. stundakennari við Háskólann á Bifröst og kann höfundur henni bestu þakkir fyrir.

Bifröst, 14. desember 2010

Sigurgeir Viktorsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Helstu hugtök	2
2.1	Eignarréttur	2
2.2	Vatnsréttur	2
2.3	Allsherjarstefna.....	3
2.4	Séreignarstefna	3
2.5	Eignarnám.....	4
3	Eignaréttar ákvæði vatnalaga	5
3.1	2. gr. vatnalaga nr. 15/1923	5
3.2	4. gr. vatnalaga nr. 20/2006	6
3.3	Samanburður á eldri og yngri ákvæðum er varða eignaréttinn.....	8
4	Eignarnám á vatni.....	9
4.1	Eignarnámsákvæði vatnalaga nr. 15/1923	9
4.1.1	Hverir, laugar og ölkeldur	9
4.1.2	Vatnsveitur	10
4.1.3	Vatn til heimils og búsparfa	11
4.1.4	Eignarnámsákvæði vatnalaga nr. 20/2006	12
4.1.5	Samanburður á eldri og yngri ákvæðum	14
5	Bótaákvæði vatnalaga	16
5.1	Bótaákvæði vatnalaga nr. 15/1923	16
5.2	Bótaákvæði vatnalaga nr. 20/2006	17
5.3	Samantekt	17
	Afstaða dómstóla.....	19
5.3.1	Kífsárdómurinn	19
5.3.2	Öndverðarnesdómurinn	21
5.3.3	Króksdómurinn.....	22

5.3.4	Samantekt	23
6	Vatnsréttindi í Noregi	24
6.1	Norskur vatnsréttur um 1923	24
6.2	Norskur vatnsréttur um 2006	24
6.3	Samantekt	25
7	Niðurlag.....	26
8	Heimildaskrá	27
9	Lagaskrá	29
10	Dómaskrá	30



1 Inngangur

Vatn hefur alltaf verið mannum lífsnauðsyn. Hvort heldur til drykkjar eða áveitu. Allt frá því að Ísland var numið hafa menn þurft að afla sér og sínum vatns og hafa lengi verið ákvæði um vatnsréttindi í íslenskum lagabálkum. Sitt sýnist hverjum um eignarhaldið, réttlætið er afstætt. Skoðanir manna eru jafnan litaðar af stöðu þeirra, eru þeir eigendur landareignar með vatnsréttindum eða aðilar sem þurfa nauðsýnlega á vatni að halda við iðju sína?

Í Jónsbók er að finna ákvæði um vatnsréttindi manna sbr. LIb. 56. kap. „*Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni j örðu ok á sem at fornu hefir verit, nema með lögum sé frá komit*“.

Vatnalög voru sett á Íslandi árið 1923 (lög nr. 15/1923) og eru þau lög enn í gildi rúmum 80 árum síðar. Árið 2006 voru sett ný vatnalög (lög nr. 20/2006) og átu að koma í stað hinna eldri laga. Lög þessi hafa ekki enn tekið gildi vegna mikillar andstöðu við þau meðal þingmanna. Það sem mestum deilum hefur valdið í þessum lögum er ákvæði er snúa að eignarhaldi á vatnsréttindum. En með setningu laganna var breytt þeirri skilgreiningu á eignarrétti vatnsréttinda í vatnalögum nr. 15.1923.

Í ritgerð þessari mun höfundur skoða og bera saman eignarréttarákvæði þessara laga, þ.e. eldri og yngri vatnalaga. Einnig mun höfundur skoða ákvæði um eignarnám og ákvæði um bótarétt vegna eignarnáms. Í upphafi verða skilgreind nokkur gagnleg hugtök. Skoðaðir verða dómur er lúta að eignarhaldi að vatnsréttindum og að lokum mun höfundur skoða hvernig norskri löggjöf var háttáð við setningu íslensku vatnalaganna. Þá verða niðurstöður dregnar saman í niðurlagi ritgerðarinnar.



2 Helstu hugtök

Í upphafi er gagnlegt að skilgreina þau helstu hugtök sem efni ritgerðar þessarar varða. Ritgerðin er á sviði eignarréttar, nánar tiltekið vatnsréttar. Þá er einnig nauðsynlegt að skýra þær stefnur sem deilt var um, hvað varðar eignarhald á vatnsréttindum, við setningu vatnalaga nr. 15/1923, auk þess sem útskýra þarf hugtakið eignarnám.

2.1 Eignarréttur

Í fræðikerfi lögræðinnar hefur eignarréttur verið felldur undir fjármunarétt, sem aftur hefur verið talinn til einkaréttar. Hugtakið eignarréttur hefur almennt verið skýrt á þann veg, „*að um sé að ræða einkarétt ákveðins aðila, eigandans, til þess að ráða yfir tilteknu verðmæti, innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) eignarréttindum annarra manna, sem stofnað hefur verið til yfir verðmætinu.*“¹ Er þetta neikvæð skilgreining á hugtakinu, þar sem gengið er út frá því að eigandinn njóti allra heimilda yfir verðmætinu nema þeirra sem undanskildar eru eignarráðum hans með beinum hætti, hvort sem það hefur verið gert með lögum eða samningi. Heimildir eigandans yfir verðmætinu eru þannig ekki taldar upp tæmandi talningu, sbr. jákvæða skilgreiningu hugtaksins.² Með jákvæðri skilgreiningu eignarréttinda eru upptaldar heimildir eigandans sem í eignarrétti hans eru fólgnar. Jákvæð skilgreining væri því „*...réttur eiganda til að hafa umráð og not hlutar, réttur til að ráða yfir hlut með því að breyta honum eða afhenda hann, réttur til að banna öðrum not hans og til að heimta hlutinn úr höndum annars, sem ekki hefði sérstaka heimild til að hafa vörslur hlutarins.*“³

2.2 Vatnsréttur

Hugtakið vatnsréttur hefur í raun þrjúþætta merkingu. Það er í fyrsta lagi notað um þær réttarreglur sem gilda um rétt manna til nýtingar vatns. Vatnsréttur getur einnig merkt hið sama og vatnsréttindi, en þá er átt við hvaða heimildir rétthafi vatnsréttinda hafi yfir vatninu,

¹ Þorgeir Örlygsson. (1998). Bls. 11.

² Þorgeir Örlygsson. (1998). Bls. 11.

³ Þorgeir Örlygsson. (1998). Bls. 10-11.



og að lokum er vatnsréttur heiti á fræðigrein.⁴ Telja má að vatnsréttur sem slíkur, þ.e. réttur manna til vatns og ráðstöfunarréttur yfir því, sé eitt af undirsviðum eignarréttar í fræðikerfi lögfræðinnar. Fræðigreinin vatnsréttur fjalli þannig um hina tvo fyrrgreindu þætti hugtaksins vatnsréttur.

2.3 Allsherjarstefna

Allsherjarstefna meiri hluta Fossanefndar, sem skipuð var í október 1917, byggði í raun á tveimur stefnum. Annars vegar þeirri stefnu að vatnið væri ekki undirorpið eignarrétti landeiganda. Það væri eign ríkisins eða sveitarfélaga, og þá aðallega átt við þau vötn og vatnsföll sem nokkuð kvað að, en í sumum ríkjum hafði þetta tekið til alls óvirkjaðs vatns. Samkvæmt þessari stefnu, sem fylgt var í Prússlandi, voru öll skipgeng vötn og flotfær ríkisvötn. Það var ríkisins að ákveða hvaða vötn það væru og ríkið gat hvenær sem var breytt einkavatni í ríkisvatn með því að gera það skipgegnt eða flotfært endurgjaldslaust. Í Þýskalandi giltu álíka reglur þar sem að öll þau vötn sem nokkuð kvað að voru ríkisins, eða einstakra héraða, en smávötn og vatnssöfn á landareignum manna lutu yfirráðum landeiganda.⁵ Hins vegar var litið svo á að óvirkjað vatn, allavega rennandi vatn, væri óeignarhæft, bæði ríkisvaldi og einstaklingum. Samkvæmt þessari stefnu, sem upprunnin er í Rómarrétti, var litið á vatnið líkt og loft, haf og ljós. En loftið t.d. var talið almenningsgagn og því ekki eignarhæft nema það væri hægt að handsama og hefta. Einstaklingar hefðu aftur á móti afnotarétt af vatninu, líkt og loftinu, en ríkisvaldið færi með ákvörðunarvald.⁶

2.4 Séreignarstefna

Séreignarstefnan er sú stefna sem minni hluti Fossanefndarinnar var fylgjandi. Í henni fólst að landeigandinn var talinn eiga samskonar eða svipaðan eignarrétt yfir vatni á landareign sinni og yfir landinu sjálfu. Landeigandinn hefur því einn ráðstöfunarrétt yfir vatni á landareign sinni en miklar takmarkanir eru þó á þessum rétti. Í löndum er byggðu vatnalöggjöf sína á þessari stefnu þurftu landeigendur að þola ýmis konar umferð um vötn sín, en ef umferðin spillti veiði eða landi þá skyldu bætur koma til. Þær takmarkanir voru enn fremur gerðar á rétti

⁴ Eyvindur G. Gunnarsson. (2005). Bls. 143.

⁵ Nefndarálit meirihluta Fossanefndar. (1919). Bls. XVII-XVIII.

⁶ Nefndarálit meirihluta Fossanefndar. (1919). Bls. XVIII.



landeigandans að ekki var heimilt að nýta vatnið til orkuvinnslu nema upp að vissu marki auk þess sem vatnsmiðlun var óheimil nema til kæmi sérleyfi ríkisvaldsins.⁷

2.5 Eignarnám

Í 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands⁸ er mælt fyrir um friðhelgi eignarréttarins, en jafnframt er þess getið að óheimilt er að skylda einhvern til að láta eign sína af hendi nema almenningsþörf krefji. Í ákvæðinu er einnig tekið fram að lagafyrirmæli þurfi til síkrar skerðingar og að fullt verð komi fyrir.⁹ Slík heimild til skerðingar á eignarréttindum kallast eignarnám. En í því felst að eigandi eignar er skyldaður til þess að láta eign sína af hendi, annað hvort alla eða að hluta til. Við slíkar aðstæður fellur eignarréttur hans niður eða takmarkast og, oftast nær, skapast nýr réttur til handa öðrum aðila.¹⁰ Í eldri lögum er oft orðið lögnám notað yfir eignarnám.

⁷ Nefndarálit meirihluta Fossanefndar. (1919). Bls. XVII.

⁸ Hér eftir stjórnarskrá.

⁹ Gaukur Jörundsson. (1974). Bls. 62.

¹⁰ Ólafur Lárusson. (1950). Bls. 24.



3 Eignaréttar ákvæði vatnalaga

Í vatnalögum er að finna ákvæði um rétt landeiganda til umráða og hagnýtingar vatns sem á landareign hans er. Eignarhald á vatni hefur yfirleitt verið kveikjan að miklum deilum hvað varðar lagasetningu vatnsréttinda bæði fyrr og síðar. Í 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 er að finna nógildandi ákvæði um eignarhald á vatninu, en í 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006, sem leysa eiga hin fyrrnefndu af hólmi, er sams konar ákvæði í breyttri mynd. Í þessum kafla verður þessum ákvæðum gerð skil.

3.1 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923

Í 2. gr. segir að hverri landareign fylgi umráða- og hagnýtingarréttur á straum- og stöðuvatni sem á henni er. Hér er um að ræða jákvæða skilgreiningu á eignarréttindum á vatni, en fasteignareiganda er einungis heimilt að nýta vatn á landareign sinni skv. ákvæðum vatnalaga. Í athugasemdum frumvarps þess sem lagt var fram árið 1921, og varð að vatnalögum nr. 15/1923, segir um greinina að fylgt hafi verið séreignarstefnu minni hluta Fossanefndar sem byggði á því að landeigandi hefði einkaumráð á því vatni sem á landi hans lægi. Á hinn bóginn þótti „það ekki hlýða að kveða á um það, hverju nafni þessi rjettur landeiganda skuli nefndur, hvort hann skuli talinn eignarrjettur í lagamerkingu (hlutarjettarmerkingu) eða einhverju öðru nafni nefndur“. En samstaða ríkti innan nefndarinnar allrar um að slík réttindi yrðu að vera miklum takmörkunum háð.¹¹ Frumvarp þetta var tekið til meðferðar af samvinnunefnd beggja deilda Alþingis um vatnamál, sem eftir miklar deilur komst að þeirri niðurstöðu að vatn sé undanþegið eignarrétti í eiginlegum skilningi.

Við gerð frumvarpa og setningu vatnalaga urðu mikil átök innan Fossanefndarinnar. Nefndin var sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi í almenningum og afréttum og byggði minni hlutinn skoðun sína á því að almenningur og afréttir væru ríkiseign, en taldi þó afrétti geta verið í einkaeygn.¹² Hins vegar varð ágreiningur um hvort eignarhald vatnsréttinda ættu að vera í höndum þeirra sem eignarrétt ættu að landinu undir vatninu eða hvort vatnsréttindin væru í raun ríkiseign og landeigandi hefði aðeins þau not sem lög heimiluðu. Leiddi þessi ágreiningur til þess að nefndin klofnaði og samdi hvor armurinn fyrir sig frumvarp til vatnalaga, en hvorugt þessara frumvarpa varð að lögum. Í kjölfarið var Einari Arnórssyni falið

¹¹ Alþingistíðindi. (1921), A-deild. Þingskjal 19, Bls. 180.

¹² Nefndarálit minni hluta fossanefndar. (1919). Bls. 32.



að gera nýtt frumvarp sem lagt var fram árið 1921 sem varð síðar að vatnalögum nr. 15/1923. Studdist Einar að mestu leyti við frumvarp meiri hlutans Fossanefndar við gerð frumvarpsins. En þar sem í lögnum sé fræðilega byggt á því að landeigandi hafi aðeins þau vatnsréttindi sem lög heimila sérstaklega, hefur verið talið, og ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti, að stefna minni hlutans hafi í raun sigrað.¹³

3.2 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006

Í greininni sem ætlað er að leysa af hólmi 2. gr. núgildandi laga, er eignarréttur vatns tilgreindur á þá leið að hann er látinn fylgja fasteign að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Í athugasemdum við frumvarpið til laganna er lagt til að neikvæð skilgreining á eignarrétti verði lögð til grundvallar greininni, þ. e. ekki eru taldar upp hvaða heimildir eigandi vatns hefur yfir því, heldur er gengið út frá því að hann njóti allra heimilda að frátöldum þeim heimildum sem eru, annað hvort með lögum eða samningi, undanskildar eignarráðum eigandans. Talið var að þetta myndi leiða af sér talsverða einföldun og styttingu laganna, miðað við vatnalögin frá 1923, þar sem að heimildir til vatnsafnota væru ekki lengur taldar upp á jákvæðan og tæmandi hátt heldur litið svo á að hin neikvæða skilgreining á eignarréttindum ætti frekar við. Var rík áhersla lögð á að með breytingunni væri aðeins um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu inntaks vatnseignarráða fasteignareiganda. En skv. ákvæðum annarra laga er um neikvæða skilgreiningu á eignarráðum þeirra auðlinda sem tilheyra fasteignareiganda að ræða en þar má nefna 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.¹⁴

Frumvarp til nýrra vatnalaga var fyrst lagt fram á 131. Löggjafarþingi, en varð ekki útrætt á því þingi. Deildu þingmenn á því þingi, eins og áður og síðar, hart um frumvarpið og snerust deilurnar aðallega um breytinguna á skilgreiningu eignarréttinda.

Við meðferð frumvarps þess sem lagt var fram á 132. Löggjafarþingi, og varð að vatnalögum nr. 20/2006, varð mikið fjaðrafok á Alþingi. Frumvarpið var mikið gagnrýnt, sem m.a. fólst í því að sjónarhorn þess væri of takmarkað, þar sem því væri aðallega beint að eignarhaldi og orkunýtingu. Einnig var kallað eftir heildstæðri endurskoðun vatnamála vegna þeirrar vinnu sem myndi leiða af upptöku vatnatilskipunar ESB í EES-samninginn, en auk fleiri

¹³ Þorgeir Örlygsson. (1998). Bls. 93.

¹⁴ Þingskjal 281. (2005-2006). Frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi A-deild, Sótt 15. nóvember 2010 af <http://www.althingi.is/alttext/132/s/0281.html>



athugasemda var bent á að hin mörgu og víðtæku ákvæði, um vatn og rétt almennings og einstaklinga til nýtingar þess, í vatnalögum nr. 15/1923 myndu framvegis vera í mörgum lagabálkum. Væri því nauðsynlegt að endurskoðun vatnalaga færi fram í samræmi við þau lög sem taka ættu við þeirra hlutverki. Í þingheimi varð helsta þrætueplið á meðal þingmanna formbreytingin á skilgreiningu eignarráða landeiganda yfir vatni á sínu landi sbr. orðalag 4. gr. laganna. Við meðferð frumvarpsins var talið að þessi staðhæfing, um að um formbreytingu væri að ræða en ekki efnisbreytingu, fengi staðist. Þingmenn greindi þarna á um hvort beinn eignarréttur landeiganda að landi sínu næði skv. íslenskum rétti til vatns á landinu á sama hátt og annarra hluta þess. En skv. beinni orðskýringu ákvæðisins mætti líta svo á að kveðið sé á um eignarrétt landeiganda á vatninu sem efni.¹⁵ Jóhann Ársælsson þingmaður Samfylkingar vísaði m.a. í ræðu sinni til umsagnar laganefndar Lögmannafélags Íslands, sbr. athugasemd við 4. gr. frumvarps 131. Löggjafarþings. En þar taldi Laganefndin að orðalag V. kafla almennra athugasemda frumvarpsins „...að hér sé „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða“, til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna. Var það álit nefndarinnar að skýrara væri að kveða afdráttarlaust um að einungis væri um formbreytingu að ræða, væri skilningur löggjafans á umræddri breytingu á þá leið.¹⁶ Vakti Jóhann athygli á að ekki hefði verið brugðist við þessu og taldi margt ógert í breytingum á frumvarpinu þrátt fyrir ýmsar athugasemdir.¹⁷

Við setningu vatnalaga nr. 20/2006, má segja að um tvenns konar ágreining hafi verið um að ræða hjá þingmönnum. Deilan hafi verið lagalegs eðlis annars vegar, þar sem að ágreiningur hafði verið um raunverulegt inntak vatnsréttinda landeiganda skv. vatnalögum nr. 15/1923, og þá hvort neikvæð skilgreining frumvarpsins til vatnalaga nr. 20/2006, myndi endurspegla betur gildandi réttarástand. Deilan hafi hins vegar verið af pólitískum toga varðandi eignarhald á auðlindum í stærra samhengi. Tvö sjónarmið hefðu verið ríkjandi varðandi þessi efni. Annars vegar hafi verið um að ræða það sjónarmið að séreignarfyrirkomulag á náttúruauðlindum yrði arðbærara, leiddi af sér betri umgengni og bættu afkomu þjóðarinnar.

¹⁵ Iðnaðarráðuneytið. (2008). Bls. 14.

¹⁶ Laganefnd Lögmannafélags Íslands. (2004-2005). Umsögn við frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi B-deild, Sótt 19. nóvember 2010 af

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=131&malnr=413&dbnr=1025&nefnd=i>

¹⁷ Jóhann Ársælsson. (2005-2006). Umræða um frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi B-deild, Sótt 19. nóvember 2010 af <http://www.althingi.is/alttext/raeda/132/rad20051107T174045.html>



Hins vegar það sjónarmið að vegna sérstaks eðlis og samfélagslegrar þýðingar vatnsins, þyki ekki heppilegt að það sé alfarið einka eignarréttarlegs eðlis.¹⁸

3.3 Samanburður á eldri og yngri ákvæðum er varða eignaréttinn

Ef borin er saman hin jákvæða skilgreining laga nr. 15/1923 og hin neikvæða skilgreining laga nr. 20/2006, má sjá að með hinni svokölluðu formbreytingu er í raun og skv. orðanna hljóðan verið að veita landeiganda einkaeignarrétt að vatninu. Markmið vatnalaga nr. 20/2006 kemur fram í 1. mgr. 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um skýrt eignarhald á vatni auk skynsamlegrar vatnsnýtingar og hagkvæmrar og sjálfbærrar nýtingu þess. Einnig má benda á að skv. 2. gr. laganna, þar sem kveðið er á um gildissvið þeirra, eru lögin látin taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um. Af þessu má leiða að landeigendur fái með þessari breytingu umfangsmiklar heimildir til að eiga viðskipti með vatnið.

¹⁸ Iðnaðarráðuneytið. (2008). Bls. 15.



4 Eignarnám á vatni

Víða í vatnalögum er að finna ákvæði um eignarnám á eignarlandi manna, skerðingu réttinda þeirra eða að lagðar séu kvaðir á eignarland þeirra. Við slíkar kringumstæður er skylt að greiða svonefndar eignarnámsbætur, en þá er landeiganda greiddar bætur fyrir numið land sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í bæði eldri og yngri vatnalögum eru fjölmörg ákvæði sem heimila eignarnám vatnsréttinda. Má þar nefna bæði hin almennu ákvæði sem og hin sértæku ákvæði. Um fyrrnefndu ákvæðin gilda almennar reglur laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, en skv. 1. gr. þeirra ganga hin sértæku ákvæði frammar reglum þeirra laga. Verður í þessum kafla gert grein fyrir þessum ákvæðum og borin saman ákvæði eldri og yngri vatnalaga.

4.1 Eignarnámsákvæði vatnalaga nr. 15/1923

Ákvæði vatnalaga nr. 15/1923 innihalda víða heimild til eignarnáms á vatnsréttindum á þann veg að rétthafar þeirra eru allfarið sviptir þessum réttindum sínum og þeim komið í hendur annarra, auk þess sem heimiluð eru víða í lögnum tiltekin afnot af annarra manna eignum gegn greiðslu bóta, án þess að beinlínis sé horft til þess hvort um eignarnám sé að ræða.¹⁹ Ásamt hinum sérstöku ákvæðum um eignarnám vatnsréttinda eru í lögnum heimildir til eignarnáms sem varða rétt eignarnema til að nýta sér land annars manns vegna nauðsynlegrar mannvirkjagerðar sem leiðir af vatnsnotunum.²⁰ Í hinum sérstöku ákvæðum vatnalaga er vatnið sjálft tekið eignarnámi. Áður en lengra er haldið er vert að gera grein fyrir þessum sérstöku ákvæðum.

4.1.1 Hverir, laugar og ölkeldur

Í 10. gr. vatnalaga er ráðstöfun landeiganda takmörkuð hvað varðar hverir, laugar og ölkeldur. Í athugasemdum frumvarpsins til laganna sem lagt var fram árið 1921 segir við greinina, sem þá var 12. gr, að skv. stefnu minnihluta Fossanefndar sé allt vatn talið til landsgæða. Rétt þyki

¹⁹ Eyvindur G. Gunnarsson. (2005). Bls. 168.

²⁰ Eyvindur G. Gunnarsson. (2005). Bls. 171.



Því að setja sérstakar reglur um þessi vötn þar sem þau séu talin til landsgæða og þá sérstaklega litið til þess hags sem þau hafa eða geta haft. Var enn fremur talið að banna þyrfti landeiganda að spilla þessum landsgæðum að nauðsynjalausum sbr. a- lið 10. gr. Í b- lið greinarinnar er sagt til um skyldu landeiganda til að afhenda „*nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi*“ til gerðar sundlaugar og -skála til almenningsafnota. Eins og segir í frumvarpinu „*svo og að setja heimild til lögnáms á landi og vatni, sem hann hefir umráð yfir samkv. frv., þar á meðal hverum eða laugum, til sunds, gegn bótum lögum samkv.*“²¹

Ákvæði 10. gr. takmarka ráðstöfunarrétt landeiganda þar sem að honum er óheimilt að spilla vatninu að nauðsynjalausum. Ákvæðið veitir einnig rétt til að taka vatn eignarnámi sbr. b. lið. greinarinnar.

4.1.2 Vatnsveitur

Í 1. mgr. 25. gr. er bæjarstjórn veitt heimild til vatnstöku í brunnnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annarra manna, á því vatni sem þarf vegna vatnsveitu. Er enn fremur tekið fram í greininni að landareignir séu ekki sviptar því vatni sem metið er nauðsynlegt til heimilis- og búsparfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar, nema ef hægt sé að fullnægja þessum þörfum á annan hátt. Í 2. mgr. er landeiganda heimilt að leggja til sín vatnsæð úr vatnsveitu á eigin kostnað, auk þess sem honum er skylt að hlíta þeim reglum sem um vatnsveituna gilda. Í 3. mgr. segir að vatnsveitu beri að haga svo að sem minnst spjöll verði á atvinnu manna eða veiðitækjum. Í 2. mál. greinarinnar segir að bæta verði að fullu þau spjöll sem geta orðið skv. ákvæðum greinarinnar. Í athugasemdum frumvarps til laganna segir að greinin sé samhljóða 27. gr. frumvarps meiri hluta Fossanefndar, en þar segir að 1. mgr. sé í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 84/1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík og 3. gr. laga nr. 26/1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum. En skv. þessum ákvæðum er landeigendum skylt að láta í té nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnnum í landareign þeirra, án þess samt að vera sviptir vatni sem þarf til heimilisparfa.

Í 25. gr. endurspeglast 72. gr. stjórnarskrárinnar hvað varðar almannapörf. Hér er bæjarstjórn heimilt að taka vatn eignarnámi í þágu almennings. Landeigandi fær ekki bætur fyrir það vatn

²¹ Nefndarálit meiri hluta fossanefndar. (1919). Bls. 63.



sem tekið er til vatnsveitunnar, heldur eingöngu fyrir það vatn er spillist vegna veitunnar, sbr. 3. mgr. ákvæðisins.

4.1.3 Vatn til heimils og búsparfa

Í 1. mgr. 31. gr. vatnalaga er kveðið á um rétt manna til öflununar vatns til heimilis og búsparfa, ef hann getur ekki aflað þess á eigin landareign eða það er kostnaðarsamara eða erfiðara heldur en á landareign annars manns, er honum þá rétt að afla þar vatns sem er afgangur frá heimilis og búspörfum. Í 2. mgr. greinarinnar er heimild til þess að gera brunn eða annað vatnsból á annars landi ef skilyrði 1. mgr. eiga við. Er hér veittur réttur til eignarnáms á vatni án þess að til greiðslu bóta komi til en eignarnámstaka er þó skylt að bæta það tjón sem verður á landi eða vatnsbóli auk þess að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst við gerð þess og viðhald, eftir mati ef ekki næst samkomulag um þessi efni. Í athugasemdum frumvarpsins segir að greinin sé samhljóða 33. gr. frumvarps meiri hluta Fossanefndar og að hún sé nokkurs konar viðaukaákvæði við 11. gr. laganna.²² Í athugasemdum 33. gr. áðurnefnds frumvarps meiri hluta Fossanefndar segir að greinin miði að því að tryggja einstökum mönnum neysluvatn, ef þá skorti og aðrir mega missa það. Var talið rétt að veita þessa heimild gegn bótum fyrir tjón á landi og að sá sem geri vatnsból, brunn eða annað vatnsból á annars manns landi kosti gerð þess. Var talið að við þessar kringumstæður þyrfti venjulega lögnám á landi og að leyfi ráðherra þyrfti til.²³ Eins og áður sagði er einungis um bótaskyldu fyrir nám á landi að ræða en ekki á vatni.

4.1.3.1 Áveitur

Í 1. mgr. 39. gr. segir að ef ekki er nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn til áveitu innan landareignar hefur landeigandi, eða notandi landareignar, heimild til að krefjast áveituvatns úr öðrum landareignum. Á þessu eru þó takmarkanir sem getið er í a- og b- lið greinarinnar. Í a- lið segir að ekki megi svipta mann vatni til þeirra þarfa sem getið er í 17. gr. laganna, né heldur gert erfiðara um vik að útvega slíkt vatn eða spilla því fyrir neinum svo að veruleg óþægindi hljóti af. Í b- lið greinarinnar segir ef áveita, á þá landareign sem vatn er tekið í, gefur af sér minni arð heldur ef veitt væri á þá landareign sem vatns er krafist til, þá

²² Alþingistíðindi. (1921), A-deild. Þingskjal 19, Bls. 186.

²³ Nefndarálit meiri hluta fossanefndar. (1919). Bls. 66.



skuli veita á síðarnefndu landareignina.²⁴ Í 2. mgr. greinarinnar er tekið á því ef ágreiningur verður um þær takmarkanir sem um getur í 1. mgr., en þar er hvorum aðila rétt að láta meta hvort vatnstakan sé heimil skv. greininni. Í frumvarpi til laganna segir í athugasemdum við greinina að hún sé efnislega samhljóða 41. gr. frumvarps meiri hluta fossanefndar að því fráskildu að, í fyrsta lagi að vatnspörf til iðju og iðnaðar skv. 17. gr. er lögð til jafns við neysluvatnspörf. En í frumvarpi meiri hluta fossanefndar sagði: „... um útveggun neysluvatns eða spjöll á neysluvatni, eða skaði að missi vatnsins til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, þá skulu ákveðnar hæfilegar bætur fyrir alt þetta.“²⁵ Í öðru lagi að bætur eru ákveðnar ef orkunytjum vatns eða möguleika til þess er spillt með vatnstöku til áveitu, er hér vitnað til orðanna: „skaði að vatnstökunni að öðru leyti“ í 2. ml. 2. mgr.. Ennfremur segir í frumvarpinu að greiðsla bóta verði óhjákvæmileg vegna slíks tjóns, „...af því að landeigandi á alt tilkall til afnota vatnsins í hvaða átt sem þau ganga, eftir stefnu þessa frv. og fyrirmælum 2. gr. þess.“²⁶ Í frumvarpinu er einnig kveðið á um bætur fyrir vatnstöku, en þar segir að greiða þurfi allt að fullar bætur verði tjón á eign vegna töku vatns til áveitu. Er vísað til þeirra röksemda að býli geti orðið stórspillt eða jafnvel óbyggilegt og yrði þá áveitumaður eða áveitufélag að greiða fullt verð fyrir það.²⁷

4.1.4 Eignarnámsákvæði vatnalaga nr. 20/2006

Í vatnalögum nr. 20/2006 er einnig bæði að finna almenn og sértæk ákvæði varðandi réttindi manna. Í frumvarpi til laganna eru þessi ákvæði aðgreind á þann hátt að hin almennu ákvæði laganna snúa að rétti og aðgerða manna gagnvart vatni, en hinir sértæku þættir eiga um sértæka nýtingu vatns. Um hið síðarnefnda segir í frumvarpinu „Sértæk nýting vatns getur haft hliðar eða lotið að atriðum sem geta verið einkvæm fyrir hlutaðeigandi nýtingu. Fyrir þeim þarf að gera grein og eru það sértæku þættirnir.“ Í V. kafla laganna, sem snýr að vatnstöku og aðgangsröð að vatni, er að finna eignarnámsheimild á vatni, sbr. 15. gr., sem fjallað er um hér að neðan. Að auki má nefna ákvæði í II. kafla laganna, um skyldu til þátttöku í tilteknum vatnaaðgerðum á sameiginlegri fasteign sbr. 9. gr. og ákvæða VI. kafla

²⁴ Nefndarálit meiri hluta fossanefndar. (1919). Bls. 67.

²⁵ Nefndarálit meiri hluta fossanefndar. (1919). Bls. 11.

²⁶ Alþingistíðindi. (1921), A-deild. Þingskjal 19, Bls. 187.

²⁷ Alþingistíðindi. (1921), A-deild. Þingskjal 19, Bls. 187.



um virkjun vatnsorku sbr. 18.- og 19. gr. laganna.²⁸ Heimild ráðherra til eignarnáms vatnsréttinda auk annarra réttinda er að finna í 37. gr. laganna, en mikilvægt er að fjalla um greinina þar sem að ákvæði laganna er varða eignarnám og eignarnámsframkvæmd hafa verið færð til nútímahorfs.

4.1.4.1 Um aðgangsröð að vatni

Í 15. gr. er kveðið á um forgangsröð að vatni en í 1. mgr. er að finna meginregluna um forgang vatnstöku til heimilis og búsparfa gangi framur annarri vatnspörf. Í frumvarpi til laganna segir m.a. í athugasemdum um greinina að gert sé ráð fyrir framangreindri meginreglu en að öðru leyti sé miðað við að önnur vatnsnot séu jafnréttá. Er þar talið ráða mestu þær miklu samfélagbreytingar sem orðið hafa frá setningu eldri vatnalaga nr. 15/1923, og þar af leiðandi þykir ekki ástæða til þess háttar forgangsröðunar. Samt sem áður er talið að meginreglan um að vatnstaka til heimilis og búsparfa gangi fyrir annarri vatnstöku, og heimilisþörf gangi fyrir búþörf. Í 2. mgr. er kveðið á um rétt fasteignareiganda til töku vatns til heimilis- og búsparfa á aðra fasteign verði eiganda hennar ekki óhæfilegur bagi að og ef slík vatnstaka er ómöguleg eða mun erfiðari á eigin fasteign. Við slíkar kringumstæður getur eigandi fasteignar sem vatn er tekið úr „...*krafist bóta, þar með talið fyrir tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum.*“ en skv. orðanna hljóðan má telja að hér um að ræða eignarnámsheimild á vatninu sjálfu. En skv. ákvæðum 4. gr. laganna er fasteignareiganda veittur eignarréttur á vatninu sjálfu. Mætti því líta svo á að tjón og óþægindi, sem hann yrði fyrir vegna eignarnáms vatnsins, stöfuðu af framkvæmd sem væru afleiðingar hins eiginlega eignarnáms, t.d. lagning vegar að vatni eða mannvirkjagerð vegna vatnstöku.

Í 3. mgr. er sveitarfélögum veittur forgangsréttur til vatnstöku vegna vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir heimilis- og búþörfum fasteignareiganda. En í 4. mgr. er að finna heimild til að taka eignarnámi, nauðsynlegt land, mannvirki og aðstöðu til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, náist ekki samkomulag milli sveitarfélags. Þá er í 4. mgr. tekið fram að nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, geti iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land,

²⁸ Þingskjal 281. (2005-2006). Frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi A-deild, Sótt 16. nóvember 2010 af <http://www.althingi.is/alttext/132/s/0281.html>



mannvirki og aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, verði tekin eignarnámi. Með orðunum önnur réttindi fasteignareiganda má ætla að hér sé um að ráða eignarréttindi skv. ákvæðum 4. gr. laganna.²⁹

4.1.4.2 Um eignarnám

Í 1. mgr. 37. gr. er ráðherra veitt heimild til að taka vatnsréttindi eignarnámi. Í frumvarpi til laganna er lagt til að ákvörðun um skuli ávallt vera í höndum ráðherra. Í vatnalögum nr. 15/1923 er veiting leyfis til eignarnáms yfirleitt í höndum ráðherra, en í vissum tilfellum fellur það undir matsnefnd sbr. 5.-, 6.-, 16.-, og 20. gr. þeirra laga. Víða í lögnum er finna ákvæði þar sem ráðherra er veitt leyfi til að taka réttindi eignarnámi, en með 37. gr. er verið að afmarka til hvaða réttinda eignarnámið skuli ná til eða hversu víðtækt það eigi að vera og þá sérstaklega hvaða réttindi skuli skert og þá á hvaða hátt. Er þetta talið vera í samræmi við hefðbundið viðhorf þar sem að eignarnámsþoli getur alltaf nýtt sér stjórnarskrárbundinn rétt sinn til að leita álits dómstóla sbr. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Í athugasemdum frumvarpsins við 37. gr. kemur fram að þrátt fyrir heimild ráðherra, skv. 1. mgr. til eignarnáms, verður fyrst að reyna að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur sbr. Hrd. 1998: 985.³⁰ Í dóminum var ákvörðun Garðabæjar um eignarnám á landi í sunnanverðum Arnarneshálsi talin vera ógild. Var talið að ákvæði þágildandi skipulagslaga nr. 19/1964 væru ekki uppfyllt þar sem að ekki hafi verið annað séð en að tími hafi verið til viðræðna og því ekki fullreynt að ná sáttum um málið.

4.1.5 Samanburður á eldri og yngri ákvæðum

Í ákvæðum vatnalaga sem lúta að eignarnámi er ákvörðun um slíkt færð til ráðherra sbr. 37. gr. vatnalaga nr. 20/2006. Í vatnalögum nr. 15/1923 er kveðið á um rétt manna til vatns, þ.e. heimild til að taka vatn, til heimilis eða búsparfa, af landi annars manns. Við slíkar aðstæður er landeigandanum skylt að þola slíkt eignarnám á landi og vatni, þar sem að aðeins yrðu

²⁹ Þingskjal 281. (2005-2006). Frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi A-deild, Sótt 15. nóvember 2010 af <http://www.althingi.is/alttext/132/s/0281.html>

³⁰ Þingskjal 281. (2005-2006). Frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi A-deild, Sótt 15. nóvember 2010 af <http://www.althingi.is/alttext/132/s/0281.html>



greiddar eignarnámsbætur fyrir land það sem tekið var. Með tilkomu laga nr. 20/2006 gæti landeigandi krafist bóta á vatninu sjálfu fyrir slíka vatnstöku sbr. 15. gr. laganna.



5 Bótaákvæði vatnalaga

Almenn ákvæði um bætur vegna eignarnáms er að finna í XV. kafla vatnalaga nr. 15/1923, og 38. gr. vatnalaga nr. 20/2006. Þegar vatnsréttindi eða land manns er tekið eignarnámi á eignarnámsþoli í flestum tilvikum rétt á bótum vegna námsins. Í þessum kafla verða skoðuð bótaákvæði vatnalaga og gert grein fyrir muninum á þeim.

5.1 Bótaákvæði vatnalaga nr. 15/1923

Í 1. mgr. 139. gr. er kveðið á um hvernig skuli fara um bætur fyrir lögnám og er um tvenns konar skilyrði að ræða. Í fyrsta lagi segir í a. lið 1. mgr. að greiddar skuli bætur ef eign eða réttindi manns eru af honum tekin eða rýrð það mikið að matsmenn telji að bæta skuli að fullu. Í b. lið 1. mgr. segir hins vegar ef kvaðir eru lagðar á eign manns eða réttindi hans skert og ákvæði a. liðar eigi ekki við, þá er landaeiganda heimilt að krefjast greiðslu ársgjalds ef þannig háttar til. Í athugasemdum lagafrumvarpsins við grein þessa segir að hún sé eins og 136. gr. frumvarps meirihluta fossanefndar. En í athugasemdum við greinina í því frumvarpi segir að rétt sé að veita þeim sem taka á við bótum, þegar aðeins eru lagðar kvaðir á land en það ekki tekið, heimild til þess að fá kvöðina metna til innistæðu. Þar sem að verið getur að hún sé annaðhvort léttbærari eða þungbærari en ætlað var í fyrstu.³¹

Í 1. mgr. 140. gr. segir að við mat á bótum fyrir lögnám, skerðingu réttinda eða álagningu kvaða á eignarlandi skuli koma til frádráttar sá sérhagur sem eigninni verður af fyrirhuguðum framkvæmdum, svo fremi sem ekki myndast tillagsskylda á eignina eða annað endurgjald vegna framkvæmdanna. Í athugasemdum frumvarpsins segir við ákvæði þetta sem er í 141. gr. frumvarpsins að hún sé samhljóða 137. gr. meirihluta fossanefndar og efnislega samhljóða 1. lið. 100. gr. frumvarps minnihluta fossanefndar.³²

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um hvernig meta skuli bætur fyrir lögnumið land eða réttindi yfir landi. Í frumvarpi meirihlutans sagði m.a. um ákvæði þetta að þar sem land liggur að vatni, sem fyrirhugað er að virkja eða aðrar framkvæmdir verði í því gerðar, megi búast við að gróðabrallsmenn ásælist landið og því hækki það í verði við slík viðskipti. Var talið

³¹ Nefndarálit meirihluta fossanefndar. (1919). Bls. 81., Nefndarálit minni hluta fossanefndar. (1919). Bls. 58.

³² Alþingistíðindi. (1921), A-deild. Þingskjal 19, Bls. 210.



ósanngjarnnt að greiða jafnhátt verð fyrir land og það hafði verið selt fyrir í slíkum viðskiptum. Að mati meirihlutans var litið svo á að mælikvarði greiðslna fyrir lögnumið land skyldi „...vera verð jafngóðra landa í grend, eins og þau mundu metin, ef ekkert slíkt fyrirtæki, sem um ræðir, hefði verið þar á stofn sett. Er þarna litið til þess að landeigandi komi ekki til með að skaðast vegna eignarnáms á landi hans, þar sem að líkur eru á að fyrirhugaðar framkvæmdir hækki verð á landareign hans. Verðhækkun eignarinnar sé því oft án tilkostnaði og áhættu landeiganda.³³

5.2 Bótaákvæði vatnalaga nr. 20/2006

Í 1. ml. 38. gr. segir að sérstakt tillit skuli taka til óvissu um vatnsréttindi og kostnað af notkun þegar ákvarða á eignarnámsbætur. Er hér verið að vísa til þeirra almennu reglna um framkvæmd eignarnáms sbr. lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Í athugasemdum frumvarps til laganna segir að ákvæði þetta eigi sér samsvörun í 3. mgr. 30. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 5. mgr. 23. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Í 2. ml. greinarinnar segir að sérhagur viðkomandi fasteignar skuli koma til frádráttar við ákvörðun eignarnámsbóta. Hér er því áréttað það grundvallar sjónarmið íslensks réttar, að taka beri til greina við ákvörðun eignarnámsbóta, þá verðhækkun sem rakin er til eignarnáms. Er hér átt við almenna verðhækkun í þeim skilningi að næstu eignir við tiltekna landareign hafa einnig hækkað í verði, ekki ber að taka til greina sérstaka verðhækkun eignar sem er tekin eignarnámi. Við gerð laganna þótti því ekki, miðað við framangreint, ástæða til að taka inn í frumvafið sérregluna í 2. mgr. 140. gr. vatnalaga nr. 15/923. Í 3. ml. greinarinnar segir að almennar reglur gildi um endurgjald fyrir eignarnuminn réttindi, en hér átt við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973.³⁴

5.3 Samantekt

Sú breyting sem einna helst hefur orðið á bótaákvæðunum er í 1. ml. 38. gr. vatnalaga nr. 20/2006, en skv. þessu má telja að við ákvörðun eignarnámsbóta sé missir eða skerðing

³³ Nefndarálit meiri hluta fossanefndar. (1919). Bls. 81.

³⁴ Þingskjal 281. (2005-2006). Frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi A-deild, Sótt 19. nóvember 2010 af <http://www.althingi.is/alttext/132/s/0281.html>



vatnsréttinda ekki lengur háð mati, heldur beri að taka tillit til þessarar óvissu. Ennfremur var sérregla 2. mgr. 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923 tekin með, en í henni er kveðið á um að greiða skuli fyrir numið land sama verð og jafngóðra landa í grennd. Var þetta ákvæði til þess fallið að landeigandi myndi ekki skaðast af eignarnámi á landi hans vegna hækkandi verðs. En með brottfellingu ákvæðisins geta landeigendur væntanlega selt land sitt á hærra verði ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem framkvæma þarf eignarnám vegna.



Afstaða dómstóla

Ein af þeim röksemdum fyrir breyttu orðalagi eignarréttarákvæðis í frumvarpi til vatnalaga nr. 20/2006 má rekja til þess að dómstólar hafa talið að eignarréttur að vatni á landareign sé landeigandans.³⁵ Í athugasemdum við frumvarpið segir um þetta „*Réttarframkvæmdin hefur viðurkennt til fulls eignarrétt landeiganda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu.*“³⁶ Samkvæmt þessu má álíta að við setningu vatnalaga nr. 15/1923, hafi verið á ótvíræðan hátt tekið af skarið hvað varðar rétt landeiganda til hagnýtingar þeirrar vatnsorku sem um land hans liggur.³⁷ Verður því að telja að vatnsréttindi njóti sömu verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar á sama hátt og jarðefni og jarðhiti undir eignarlandi. Má því segja að í samræmi við framangreint að þegar þurft hefur að afla vatnsréttinda í einkaeign vegna virkjanaframkvæmda hefur veirð beitt eignarnámsheimildum vatnalaga eða annarra sérlaga.³⁸ Dómstólar hafa í framkvæmd viðurkennt þennan rétt landeiganda og verður í þessum kafla reifaðir nokkrir dóma sem fjalla um skerðingu á vatns- og eignarréttindum manna.

5.3.1 Kífsárdómurinn

Hér var deilt um vatnstöku Akureyrarkaupstaðar til vatnstöku úr landi Kífsár. Dómurinn þykir merkilegur fyrir þær sakir að þar slær Hæstiréttur því föstu að hagnýtingarréttur landeiganda njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

H 1955:431 (Hrd. nr. 51/1955)

A hafði tekið vatn til vatnsveitu úr lindasvæði í landi jarðarinnar Kífsár. Þ eigandi Kífsár krafðist greiðslu bóta úr hendi A vegna vatnstökunnar og landsafnota vegna hennar. Þ fékk dómkvædda matsmenn til að meta bætur fyrir það tjón sem leiða myndi af vatnstökunni og það vatn sem áður hafði verið tekið. A mótmælti matsgerðinni á þeim forsendum að Þ væri ekki eigandi vatnsins, en það væri ekki eignarrétti háð að lögum. A taldi vatnstökuna heimila án endurgjalds á grundvelli 25. gr. vatnalaga. Þ taldi

³⁵ Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008). *Hver á vatnið*. Bls. 109.

³⁶ Þingskjal 281. (2005-2006). Frumvarp til vatnalaga. Alþingistíðindi A-deild, Sótt 20. nóvember 2010 af <http://www.althingi.is/alttext/132/s/0281.html>

³⁷ Þorgeir Örlygsson. (1994). Bls. 585.

³⁸ Þorgeir Örlygsson. (1998). Bls. 94.



hins vegar að tjón hefði orðið vegna vatnstökunnar og skv. ákvæðum vatnalaga ætti hann rétt á bótum fyrir vatnstökuna. Hæstiréttur staðfesti dóm bæjarþings Akureyrar um að fyrrgreind matsgerð yrði tekin til greina og áleit að Þ hefði átt bótakröfu vegna vatnstökunnar skv. 67. gr. Stjórnarskrárinnar.[nú 72. gr.]

Í dómi bæjarþings Akureyrar var talið að í 25. gr. vatnalaga nr. 15/1923 hefði löggjafinn tekið af öll tvímæli hvað varðar greiðslu bóta fyrir vatn ef tjón eða bagi stafar af vatnstöku. Var álitid að ekki hafi verið hægt að fallast á þrönga túlkun A, á að einungis hafi verið átt við það tjón sem verður vegna töku þess vatns sem landeigandi hafi þegar verið byrjaður að nytja. Í 25. gr. vatnalaga hafi þess ekki verið getið að greiða ætti bætur fyrir sjálft vatnið, en þannig yrði að vera ef farið væri fram á slíkt sbr. 2. gr. laganna. Í niðurstöðu dómsins er vísað til vilja löggjafans við setningu laganna, en í athugasemdum frumvarpsins segir um 25. gr. vatnalaga nr. 15/1923 að „*Bætur fyrir vatnið sjálft á auðvitað því að eins að greiða, að tjón stafi að töku þess*“,“.³⁹ Hæstiréttur taldi jafnframt hagnýtingarrétt landeigandans, á hinum virkjuðu lindum, til verðmætra réttinda og hann því eiga rétt á greiðslu bóta, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, vegna eignarnámsins.

Vert er að líta á skoðanir nokkurra fræðimanna á niðurstöðu dómsins en þeir Þorgeir Örlygsson og Eyvindur G. Gunnarsson virðast vera sammála um að í dómi þessum hafi að fullu verið viðurkenndur eignarréttur landeigandans að vatnsorku, og hafi dómstólar talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu.⁴⁰ Sigurður Gizurarson telur að í raun hafi deilan snúist um lindarvatn, en um það gilda sérreglur sbr. 9. gr. vatnalaga nr. 15/1923, en þess var ekki getið í dóminum. Landeigandinn hafi átt umráðaréttinn yfir hinu sérgreinda vatni, þ.e. hinum virkjuðu lindum, og þar af leiðandi réttinn til að virkja þær.⁴¹ Aagot Vigdís Óskarsdóttir dregur í efa um dóm þennan hvort rétt sé að álykta hvort eignarréttur landeigandans náí til vatnsins sem efnis. Dómurinn staðfesti einungis að skerðing á hagnýtingarrétti landeigandans geti verið bótaskyld, þ.e. orkunýtingarrétturinn. Aagot telur aftur á móti að með dóminum sé ekki hægt að staðhæfa að eignarréttur landeiganda að vatni á landareign hans felist ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923. Dómurinn staðfesti aðeins að skerðing

³⁹ Alþingistíðindi. (1921), A-deild. Þingskjal 19, Bls. 185.

⁴⁰ Eyvindur G. Gunnarsson. (2005). Bls. 160., Þorgeir Örlygsson. (1998). Bls. 93-94.

⁴¹ Sigurður Gizurarson. (1992). Bls. 149.



hagnýtingarréttar landeiganda geti stafað vegna vatnstöku af landi hans, og falið í sér skerðingu verðmætra réttinda sem vernduð eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar.⁴²

5.3.2 Öndverðarnesdómurinn

Í þessum dómi er ekki deilt um eignarrétt að vatni eða að vatnsréttindi séu tekin eignarnámi. Hér er einungis deilt um það hvort veiði eða vatnsréttindi höfðu verið skilin frá landinu við sölu þess.

H 1963:173 (Hrd. nr. 163/1961)

G seldi Á hálfa jörðina Öndverðarnes. Í afsali var undanþeginn nánar tilgreindur skóglendisblettur er lá meðfram Soginu og Álftavatni. G seldi síðar umrætt land til T sem gaf landið til U sama ár. Í málinu var deilt um arðgreiðslur veiðifélags vegna veiðiréttar í Soginu. U taldi í málinu að þegar G undanskildi umrætt land við söluna til Á hafi veiði og vatnsréttindi fylgt með, og ef skilja ætti þessi réttindi frá landinu hefði þurft að taka það sérstaklega fram. Á krafðist sýknu. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms í málinu þar sem að vísað var til fornrar reglu Jónsbókar um rétt manna til að eiga vatn og veiði fyrir sinni jörðu. Að mati dómsins var talið að ef skilja hefði átt veiði og vatnsrétt frá landinu, hefði þurft með beinum orðum að taka slíkt fram í upphafi. Var því talið að í upphafi hafi umdeild réttindi fylgt umræddu landi og var U því talinn eigandi réttindanna.

Í kröfugerð sinni vísar U til þess að afsal G til T hafi verið í samræmi við gildandi lagareglur er samningurinn var gerður og ákvæði vatnalaga nr. 15/1923. Er vísað til orðanna „ Öll réttindi yfir henni til lands og vatns“ í afsali G til T. Sýknukrafa Á byggðist m.a. á því að hann taldi sig hafa skv. afsali „...eignast hálfa jörðina Öndverðarnes með öllum gögnum og gæðum, að undanskildri framangreindri skóglendisþildu“. Báðir aðilar telja sig þarna eiga umræddan rétt, en dómurinn leit þannig á málið að ef skilja hefði átt venjulegan veiði og vatnsrétt frá, hefði þurft með beinum orðum að taka slíkt fram í upphafi. Ekki var talið sýnt að G hafi undanskilið veiðirétt og vatnsréttindi við afsalsgerð sína. Í niðurstöðu sinni sagði

⁴² Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008a). Bls. 110-111.



dómurinn að „*Það er forn regla í íslenskum lögum, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörðu, sbr. Jb., landsleigubálkur 56. kap., sem síðar hefur verið staðfest með ákvæðum vatnalaga nr. 15/ 1923 og laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957.* „ Samkvæmt þessari niðurstöðu má álíta sem svo að eignarrétti að landi fylgi nýtingarréttur að veiði og vatnsréttindum en hafi þessi réttindi verið skilin frá beri að taka það fram berum orðum í afsali eða kaupsamningi. Aagot Vigdís Óskarsdóttir telur að áður nefnt orðalag Jónsbókar feli einungis í sér umráða og hagnýtingarrétt að vatninu en ekki beinan eignarrétt þess.⁴³

5.3.3 Króksdómurinn

Í dóminum er ekki verið að fjalla um eignarrétt á vatni. Deilt er um bótarétt kaupanda jarðarinnar á hendur seljanda hennar þar sem að vatnsréttindi jarðarinnar höfðu verið undanskilin. En ljóst var að verðmæti jarðarinnar var ekki eins mikið og ef vatnsréttindin hefðu verið innifalin og kaupverð hennar af þeim sökum of hátt.

H 2006:192 (Hrd. nr. 388/2005)

S ehf. keypti árið 1992 jörðina Krók af B. Við söluna var þess ekki getið að árið 1918 höfðu vatnsréttindi í Þjórsá verið seld frá jörðinni. Hvorki var þess heldur getið í fasteignabók jarðarinnar né á framliggjandi veðbókarvottorði við kaupin. S ehf. krafðist skaðabóta úr hendi B vegna vanheimildar og til vara afsláttar, skv. ákvæðum þágildandi laga um lausafjárkaup. B krafðist sýknu og að úrskurði héraðsdóms, að heimila S ehf. framlagningu tilgreindra skjala, yrði hnekkt. Hæstiréttur taldi B ekki hafa lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurðinum hnekkt. Taldi dómurinn að um vanefnd að hálfu B væri að ræða þar sem að S ehf. hefði mátt gera ráð fyrir því að vatnsréttindi í Þjórsá fylgdu jörðinni. Aftur á móti var talið að S ehf. ætti ekki skaðabótakröfu á hendur B sökum hvers eðlis vanefndin var. S ehf. var talið eiga rétt á afslætti á kaupverði þar sem hinu selda var áfátt að þessu leyti. Var B því dæmt til að greiða S ehf. afslátt af kaupverðinu í skv. mati því sem B hafði ekki hnekkt í héraðsdómi.

Hæstiréttur segir í niðurstöðu sinni að skv. ákvæðum 1. mgr. 16. gr. vatnalaga nr. 15/1923 sé heimilt að skilja vatnsréttindi frá landareign án þess þó að eignarréttur að landinu sé jafnframt látinn. Í 2. mgr. sömu greinar segir síðan að ef maður láti af hendi hluta landareignar er liggur

⁴³ Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008b). Bls. 211.



að vatni eða á, séu vatnsbotn og vatnsréttindi falin í kaupinu nema öðruvísi semji. Þrátt fyrir almenna vitneskju um stórfelld kaup á vatnsréttindum jarða við Þjórsá í upphafi síðustu aldar, taldi dómurinn að S ehf. gæti ekki vitað að vatnsréttindi hefðu áður verið undanskilin þegar það keypti jörðina af B. Þess hafi hvergi verið getið við jarðarkaupin, hvorki í kaupsamningi né fyrirbyggjandi veðbókarvottorði, að vatnsréttindin hafi verið undanþegin kaupunum. Ef vatnsréttindi hafi verið undanskilin hefði þurft að taka það sérstaklega fram. Hæstiréttur vísar í niðurstöðu sinni bæði til Kífsárdómsins, hvað varðar rétt landeiganda til umráða og hagnýtingar og bótarétt landeiganda skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, og Öndverðarnesdómsins, hvað varðar regluna um að ef veiði og vatnsréttindi séu undanskilin hefði þurft að taka það fram beinum orðum.

5.3.4 Samantekt

Eins og sjá má af ofangreindu er ljóst að dómstólar hafa í framkvæmd sinni viðurkennt rétt landeiganda til umráða og hagnýtingar vatns á landareign sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Í Kífsárdóminum má segja að Hæstiréttur hafði viðurkennt eignarrétt landeiganda að vatni sem efni. En hins vegar má benda á þá skoðun að dómurinn staðfesti aðeins að slík vatnstaka leiði af sér skerðingu á hagnýtingarrétti landeigandans og þar með verðmætra réttinda hans sem varin eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar.⁴⁴ Dómstólar hafa einnig í úrlausnum sínum staðfest regluna um að ef skilja á vatnsréttindi frá fasteign, hvort sem er við sölu eða önnur skipti, þá skuli taka það fram í upphafi umræddra skipta. Hvað varðar breytta skilgreiningu á eignarrétti að vatni, sbr. 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006, þar sem að landeiganda er veittur beinn eignarréttur yfir vatninu væri áhugavert að skoða hvernig dómstólar myndu, við lausn þeirra mála sem snúa að vatnsréttindum, úrskurða í þeim málum er lúta að eignarhaldi á vatni og ákvörðun bóta vegna skerðingar vatnsréttinda.

⁴⁴ Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008b) Bls. 211.



6 Vatnsréttindi í Noregi

Íslendingar hafa oft litið til annarra Norðurlandþjóða við setningu laga, t.d. var stjórnarskráin sótt í danska löggjöf. Við setningu vatnalaga hafa íslendingar einkum litið til norskrar vatnalöggjafar en líkt og á Íslandi hafa vatnamálefni verið mikið deiluefni. Verður í þessum kafla skoðað hvernig norskri vatnalöggjöf hefur verið háttað við setningu íslenskra vatnalaga.

6.1 Norskur vatnsréttur um 1923

Í Noregi voru árið 1887 sett lög um hagnýtingu vatna (n. Lov om Vasdragenes Benyttelse, af 1. Juli 1887). Í 1. gr. þeirra laga var eignarréttur landeiganda yfir vatni á landareign sinni viðurkenndur með þeim takmörkunum sem myndu leiða af lögum eða venju. Þetta ákvæði laganna olli því að Norðmenn stóðu verr að vígi en aðrar þjóðir varðandi hagsmuni almennings eftir að ljóst varð að vatnsorkan ætti eftir að verða brýn almenningsþörf.⁴⁵ Í framhaldi af þessari lagasetningu voru sett ýmis lög til að reyna að takmarka einstaklingsrétt landeiganda, og þá einna helst erlendra manna⁴⁶ Árið 1909 var skipuð nefnd sem átti að semja ný og endurbætt vatnalög. Nefnd þessi skilaði árið 1915 af sér bráðabirgðaráliti ásamt frumvarpi til nýrra vatnalaga. Við gerð þess frumvarps voru höfð til hliðsjónar nýsett vatnalög annarra þjóða, en athygli vakti að nefndin sá sér ekki „... fært að umturna þeim sjereignargrundvelli, sem löghelgaður var með lögunum 1. júlí 1887“.⁴⁷

6.2 Norskur vatnsréttur um 2006

Norðmenn settu árið 2000 ný vatnalög (Lov om vassdrag og grunnvann (vannressursloven) nr. 82/2000). Lög þessi leystu af hólmi eldri lög frá 1940 og var við undirbúning þeirra sett á laggirnar nefnd sem skilaði síðan af sér lagafrumvarpi árið 1994. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. þeirra laga er landeiganda veittur umráðaréttur yfir öllu vatni á landareign sinni, auk heimildar

⁴⁵ G. Björnsson. (1919). Bls. 36.

⁴⁶ G. Björnsson. (1919). Bls. 37-38.

⁴⁷ G. Björnsson. (1919). Bls. 44.



til að útiloka ráðstöfun annarra á vatninu. Í lögum er orðið „*vassdrag*“ skilgreint á þann veg að það nær til alls kyrrstæðs og rennandi yfirborðsvatns með árvissu rennsli, með bökkum og botni að venjulegu háflæði.⁴⁸

6.3 Samantekt

Í Noregi hefur verið tekist á um hversu heppilegt sé að lýsa ráðstöfunarrétti landeiganda sem eignarrétti, þrátt fyrir að það orðalag hafi fengið að standa í nýju vatnalögum. Ljóst er að skv. norskum rétti getur einkaeignarréttur að vatnsfalli verið annar en að landareign. Úr norskri réttarframkvæmd og fræðikenningum má lesa að eignarnámsbætur eru almennt ekki greiddar fyrir vatnið sjálft, nema það hafi sérstaka þýðingu fyrir eignarnámsþolann. Við eignarnám myndi ráðstöfunarréttur landeiganda ekki veita honum rétt til bóta, en ef nýting landeigandans af vatninu takmarkast við eignarnámið yrði annið uppi á teningnum.⁴⁹

Við samanburð á norsku vatnalögum og vatnalögum nr. 20/2006 má sjá að um talverðan mun er að hvað varðar eignarhald vatns. Í Noregi er byggt á þeim hluta allsherjarstefnunnar um að vatnið sé óeignarhæft og landeigandinn hafi fullan ráðstöfunarrétt yfir vatninu, nema annað leiði af lögum, sbr. neikvæða skilgreiningu á eignarréttindum.

⁴⁸ Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008). *Hver á vatnið*. Bls. 108.

⁴⁹ Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008). *Hver á vatnið*. Bls. 109.



7 Niðurlag

Hér að framan hefur verið fjallað um þau lagaákvæði vatnalaga sem snúa að eignarrétti, eignarnámi og bótarétti. Sú breyting á skilgreiningu eignarréttarhugtaks laganna úr jákvæðri yfir í neikvæða er mjög umdeild. Við samanburð á eignarréttarákvæðum vatnalaganna virðist sem löggjafinn hafi fært landeigandanum beinan eignarrétt að því vatni sem á landareign hans er. Við skoðun á ákvæðum, um eignarnám og á bótarétti, má telja að þessi breytta túlkun hugtaksins hafi leitt það af sér að landeigandi sé orðinn eigandi að vatninu í skilningi eignarréttarhugtaksins, hann ætti stjórnarskrárvarinn eignarrétt á vatni sínu og ef það yrði af honum tekið þyrfti að bæta það að fullu sbr. eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstiréttur hefur í dómum sínum viðurkennt rétt landeiganda til umráða og hagnýtingar vatns á landareign sinni, og í sumum tilvikum viðurkennt eignarrétt landeiganda að vatni sem efni. Við samanburð á norskum vatnalögum og vatnalögum frá 2006 má sjá að talverður munur er þar á hvað varðar eignarhald vatns. Þar sem í Noregi er byggt á þeirri stefnu að vatnið sé óeignarhægt.

Við meðferð vatnamála á Íslandi hefur verið tekist á um allskyns sjónarmið og er afgreiðsla laga nr. 20/2006 ekkert einsdæmi. Gildistöku laganna hefur verið seinkað nokkru sinni og á síðasta löggjafarþingi var lagt framfrumvarp þess efnis að afnema vatnalög nr. 20/2006. Það er því ljóst að vanda verður vel til verks þegar sett verður löggjöf um vatnamálefni.



8 Heimildaskrá

Alþingistíðindi

Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008a). Hver á vatnið. *Úlfljótur*, 61(1), bls. 87-114.

Aagot Vigdís Óskarsdóttir. (2008b). *Minnisblað um vatnsréttindi og eignarrétt að auðlindum*. (Skýrsla Vatnalaganefndar). Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið.

Eyvindur G. Gunnarsson. (2005). Meginatriði íslensks vatnsréttar. Í Róbert R. Spanó (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 143- 174). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Gaukur Jörundsson. (1974). *Um eignarréttindi I*. Handrit. Reykjavík:

G. Björnsson. (1919). Um vatnastjórnsemi annara þjóða. Í *Nefndarálit meiri hluta fossanefndarinnar er skipuð var 22. okt. 1917., með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjöllum*. B.V., Reykjavík 1919.

Iðnaðarráðuneytið. (2008). *Skýrsla vatnalaganefndar: ásamt ritgerðum, álitum og öðru efni sem nefndin hefur aflað*. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið.

Nefndarálit meiri hluta fossanefndarinnar er skipuð var 22. okt. 1917., með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjöllum. Reykjavík 1919.

Nefndarálit minni hluta fossanefndar 1917-1919. Reykjavík 1919.

Ólafur Lárusson. (1950). *Eignaréttur I*. Reykjavík: Hlaðbúð.

Sigurður Gizurarson. (1992). Fossanefndin 1917-1919, Aðdragandi að setningu vatnalaga nr. 15/1923. Í Páll Skúlason (ritstjóri), *Afmælisrit*. Gizur Bergsteinsson níræður, 18. apríl 1992 (bls. 103-149). Reykjavík: Sleipnir.

Þorgeir Örlygsson. (1998). *Kaflar úr eignarétti I*. Handrit. Reykjavík.

Þorgeir Örlygsson. (1994). Um eignarhald á landi og náttúruauðkindum. Í Katrín Jónasdóttir (ritstjóri), *Amælisrit*. Gaukur Jörundsson sextugur, 24. september 1994 (bls. 545-603). Reykjavík: Orator.





9 Lagaskrá

Lög um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998

Lög um vatnsveitu fyrir Reykjavík nr. 84/1907

Lög um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum nr. 26/1912

Raforkulög nr. 65/2003

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Vatnalög nr. 15/1923

Vatnalög nr. 20/2006



10 Dómaskrá

H 1955: 431

H 1963: 173

H 1998: 985

H 2006: 192





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY